

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Vísindasjóð Samtaka lungnasjúklinga.

1. gr.

*Heiti.*

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Samtaka lungnasjúklinga. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sem og reglugerð nr. 140/2008 um sama efni.

2. gr.

*Heimili og varnarþing.*

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

*Markmið.*

Tilgangur sjóðsins er að efla íslenskar vísindarannsóknir á lungnasjúkdómum með því að styrkja með fjárfamlögum rannsóknir á orsökum lungnasjúkdóma, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

4. gr.

*Stofnandi og stofnframlag.*

Stofnandi Vísindasjóðs Samtaka lungnasjúklinga eru Samtök lungnasjúklinga, kt. 670697-2079. Heildarstofnfé sjóðsins er 3.000.000 kr. og þar af er óskerðanlegur hluti stofnframlags 1.200.000 kr.

5. gr.

*Stjórn.*

Stjórn Vísindasjóðs Samtaka lungnasjúklinga skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn og tveimur mönnum til tveggja ára í senn. Jafnframt skal við kjör á aðalmönnum í stjórn kosinn einn maður í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórn sjóðsins getur veitt umboð fyrir sjóðinn.

Stjórn sjóðsins mótar stefnu hans og setur úthlutunarreglur þar sem fjallað er um umsóknir, matsferli, kynningar, skil á niðurstöðum og styrki.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvárdanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin ber ábyrgð á því að úthlutun styrkja sé í samræmi við skipulagsskrá þessa. Hún ber ábyrgð á ávoxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins. Stofnfé og aðrar eigur sjóðsins skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stjórnin hefur aðgang að húsnæði og annarri aðstöðu á vegum Samtaka lungnasjúklinga og nýtur aðstoðar stjórnarmanna við störf sín.

6. gr.

*Fundarboðun og málsmæðferð.*

Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun, t.d. staðfestingu úthlutunar- og starfsreglna og úthlutun styrkja, má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð, eftir atvikum með aðkomu varamanns. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks

Nr. 1321

7. desember 2017

máls ef það málefni sem liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðis-lega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

7. gr.

*Styrktaraðilar.*

Tekjur Vísindasjóðs Samtaka lungnasjúklinga auk vaxta af stofnframlagi eru minningargjafir, erfðagjafir, aðrar gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.

Fyrirtæki og einstaklingar geta orðið styrktaraðilar að sjóðnum.

8. gr.

*Ráðstöfunarfé og styrkveitingar.*

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar tekjur sjóðsins á liðnu starfsári, þar með taldar vaxta-tekjur. Jafnframt hefur sjóðstjórn heimild til þess að verja allt að 15% af höfuðstól sjóðsins til styrk-veitinga án þess þó að ganga á óskerðanlegan hluta stofnfjárá, sbr. 2. mgr. 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsóknum og annast styrkveitingar úr sjóðnum, sbr. 3. mgr. 5. gr.

9. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reiknistímabil frá stofnum sjóðsins og til næstu áramóta. Stjórn sjóðsins skal ganga frá reikningum næstliðins árs fyrir 1. maí ár hvert.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda/skoðunarmanni sem skipaður er af stjórn sjóðsins. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningsskil sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

10. gr.

*Breyting skipulagskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal einnig borið undir sýslumanninn á Norðurlandi vestra til samþykktar. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna óskiptar til vísinda-rannsókna á lungnasjúkdómum eða skyldra rannsókna.

11. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 7. desember 2017,*

**Björn Hrafinkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*